

Starfsgreinaráð	Hönnunar- og handverksgreinar	
Starfsheiti	Gull- og silfursmiður	Löggilt iðngrein
Dagsetning	4. maí 2021	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalýsing:

Gull- og silfursmiður hannar, þróar og annast gerð skartgripa, listmuna og nytjahluta úr gulli, silfri og öðrum málmum, allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru og vinnur með eðalsteinum og aðra steina sem eru notaðir í skartgripagerð. Gull- og silfursmiður starfar á verkstæði tengdu verslun, sinnir þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavinum ásamt sölu og markaðsmálum. Hann nýtir öryggisvarnir og vinnur í samræmi við umhverfisstefnu og gæðastefnu greinarinnar og almennar siðareglur.

Hæfnikröfur:

Hefur umfangsmikla þekkingu á málmum sem tengjast gull- og silfursmíði og helstu tegundum eðalsteinna auk annarra steina sem notaðir eru í skartgripi, hér og erlendis.

Gerir mót og steypir skartgripi. Hann sýnir hæfni við silfursmíði, leturgröft, steinaísetningu og málmmyndskreytingu (síseleringu).

Húðar málma, gerir við og hreinsar flestar gerðir skartgripa.

Þekkir íslenskar hefðir í skartgripagerð og getur smíðað einfalda muni af því tagi.

Hannar og þróar gripi og framleiðslulínur út frá eigin teikningum og hugmyndum og annarra.

Beitir viðeigandi vinnuáferð hverju sinni og setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vöruþróun.

Hefur góð tök á notkun áhalda og tækja og getur notað tölvutækni við þróun, hönnun og framleiðslu.

Þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir, m.a. gegn eiturfnum og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.

Fer eftir umhverfisstefnu. Tekur ábyrga afstöðu til náttúruverndar, hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna og fylgir vistvænum viðmiðum við meðferð og losun eiturfna og annarra efna. Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar

Fer eftir siðareglum, s.s. um virðingu fyrir faginu og nýtingu og endurvinnslu hráefnis.

Fer eftir gæðastefnu og leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð.

Sýnir þjónustulund þegar hann sinnir viðskiptavinum af lipurð og háttvísi.

Reiknar út verð á vöru og þjónustu og metur arðsemi.

Sýnir sjálfstæð vinnubrögð, metur störf sín og annarra í gull- og silfursmíði á gagnrýnninn hátt og tjáir sig um fagleg málefni.

Þekkir sögu og menningararfleifð gull- og silfursmíði og möguleika til starfa í nútímanum.

Er snyrtilegur og gengur vel um vinnustað sinn.

Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.